



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 59/2020

Afturköllun og bann við sölu á barnaklifurgrind

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa tók þátt í átaksverkefni evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis, þar sem kannað var öryggi leikfanga til heimilisnota. Verkefnið beindist að því að athuga hvort ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, og gildandi stöðlum um öryggi leikfanga væri framfylgt.

Þann 5. ágúst 2020 fór fulltrúi frá Neytendastofu til framleiðandans Sigurðar Valgeirssonar og fékk afhenda barnaklifurgrind (sjá fylgiskjal). Varan var send til prófunarstofunnar Aiju Technological Institute for Children's products and leisure á Spáni.

2.

Prófunarstofan kannaði m.a. hvort klifurgrindin samræmdest staðlinum ÍST EN 71-8:2018 Öryggi leikfanga – Hluti 8: Leiktæki til heimilisnota. Samkvæmt niðurstöðum prófanna uppfyllti varan ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til klifurgrinda. Prófanir sýndu fram á að varan gæti falið í sér hættu á að höfuð og háls barna festust í leikfanginu auk þess sem varan gæti oltið á hliðina við notkun.

3.

Þann 16. október 2020 sendi Neytendastofa niðurstöðu prófana til framleiðanda. Þar kom fram að Neytendastofa óskaði eftir athugasemdum vegna niðurstöðu prófunarinnar.

Í símtali þann 30. október óskaði framleiðandi eftir nánari upplýsingum um hvað fælist í umræddri prófunarskýrslu og þau atriði sem gerðar voru athugasemdir við. Neytendastofa óskaði eftir skriflegum athugasemdum við bréfi stofnunarinnar dags. 16. október 2020.

Í símtali þann 3. desember 2020 óskaði Neytendastofa eftir athugasemdum vegna málsins. Kom þar fram að mögulega þyrfti að afturkalla vöruna vegna þeirrar hættu sem af henni gæti



stafað. Framleiðandi tjáði Neytendastofu að hann hefði ekki upplýsingar um þá aðila sem hafi keypt vöruna af honum.

II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi klifurgrindar sem var framleidd og seld af Sigurði Valgeirssyni. Niðurstöður prófunar leiddu í ljós að varan uppfyllir ekki lágmarkskröfur um öryggi í skilningi laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðals ÍST EN 71-8:2018 Öryggi leikfanga – Hluti 8: Leiktæki til heimilisnota. Samkvæmt áhættumati er hætta á alvarlegum slysum þar sem varan stóðst ekki prófanir hvað varðar mikilvæga öryggisþætti.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Þá er í 8. gr. laga nr. 134/1995 að finna ítarleg ákvæði um hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.*

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda



hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. sömu laga er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er framleiðandi sá einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir leikfang eða lætur framleiða eða hanna leikfang og markaðssetur leikfangið undir sínu nafni eða vörumerki.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur framleiðanda. Framleiðandi skal aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi. Áður en að leikfang er sett á markað skal hann, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

- „1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,*
- 2. greina hættu sem getur stafað af leikfanginu með tilliti til íðefna, efnislegra og krafrænna eiginleika, rafmagns, eldfimi, hollustuhátta og geislavirkni, ásamt mati á hugsanlegum váhrifum slíkrar hættu,*
- 3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisýfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,*
- 4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisýfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,*
- 5. tryggja að aðferðir séu til staðar til að radframléiðsla haldist í samræmi. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun og eiginleikum leikfangs og breytinga á samhæfðum stöðlum sem EB-samræmisýfirlýsingin miðast við,*
- 6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rad- eða tegundarnúmer eða annað tákni sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
- 7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúð-unum eða í skjali sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,*



8. tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,
9. tryggja að leikfang beri viðvörðunarkerkingar skv. 10. gr.

Þá skal framleiðandi skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar tafarlaust gera ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru fyrir samræmi leikfangsins, ef hann telur eða hefur ástæður til að ætla að leikfang sem hann markaðssetur sé ekki í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal framleiðandi tilkynna um það tafarlaust til Neytendastofu ef hætta starfar af leikfanginu, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvörðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Ekki er heimilt að festa CE-merkið á leikföng nema að undangengnu samræmismatsferli.

Um hönnun, framleiðslu og gerð klifurgrindarinnar gildir staðallinn ÍST EN 71-8:2018 Öryggi leikfanga – Hluti 8: Leiktæki til heimilisnota. Skyld er að prófa og merkja slíkar vörur með tilvísun til staðalsins til staðfestingar því að varan uppfylli kröfur hans.

3.

Samkvæmt prófunarskýrslu prófunarstofunnar Aiju Technological Institute for Children's products and leisure, dags. 29. september 2020, uppfyllir klifurgrindin ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til leikfangsins þar sem að op milli rimla er of mikið sem og að hætta er að á klifurgrindin geti oltið.

Áhættumat hefur verið framkvæmt vegna klifurgrindarinnar í samræmi við niðurstöður prófunarskýrslunnar. Er niðurstaða áhættumatsins að klifurgrindin feli í sér alvarlega áhættu þar sem hætta er á að barn geti fest höfuð og/eða háls á milli rimla sem og að hætta er á að klifurgrindin geti oltið.

Á framleiðanda og dreifingaraðilum hvílir rík skylda til aðgerða að eigin frumkvæði þegar í ljós kemur að vara sem þeir dreifa og markaðssetja uppfyllir ekki kröfur um öryggi vörunnar, sbr. ákvæði laga nr. 134/1995, einkum ákvæði 8. – 10. gr. laganna. Virði framleiðandi eða dreifingaraðili ekki framangreindar skyldur sínar þá ber Neytendastofu að grípa til aðgerða.

Telur Neytendastofa því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að kveða á um bann við sölu vörunnar, að varan



verði tekin af markaði, afturköllun frá neytendum og endurgreiðslu kaupverðs svo tryggt sé að notkun hennar og frekari sölu eða dreifingu sé tafarlaust hætt.

Afturköllun, afhendingarbann og sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu má búast við að tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995.

III.

Ákvörðunarorð:

„Sigurður Valgeirsson, hefur boðið fram á markaði klifurgrind sem ekki getur talist örugg í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit er bannað að selja og afhenda umrædda klifurgrind. Sjá myndir í fylgiskjali.

Með vísan til 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, er Sigurði Valgeirssyni einnig gert að afturkalla umrædda klifurgrind og endurgreiða kaupendum andvirði vörunnar.“

Neytendastofa, 16. desember 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri

Reynir Ingi Reinhardsson

Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu nr. 59/2020

